

Háls-, nef- og eyrnalæknar á Íslandi



Hannes Petersen

hpet@hi.is

Formaður Félags íslenskra háls-, nef- og eyrnalækna

Tekist var á um aldur háls-, nef- og eyrnalæknisfræðinnar á síðum *Læknablaðsins* fyrir um 20 árum síðan, en þá hafði sérgreinin ranglega verið nefnd ung sérgrein. Hið rétta er að háls-, nef- og eyrnalæknisfræðin og þar með félög þeirra lækna er sérgreininni sinna eru einhver þau elstu í Evrópu og Bandaríkjunum og eiga flest upptök sín upp úr miðri 19. öldinni. Íslenskir læknar, þá eins og endranær, tóku nýjungum vel og á ofanverðri 19. öld héldu nokkrir utan að kynna sér greiningu og meðferð sjúkdóma í hálsi, nefi og eyrum. Fljótlega hafði myndast kjarni lækna sem sinnti þessum vandamálum og þegar Læknafélag Íslands viðurkenndi sérgreinar innan læknisfræðinnar, í fyrsta sinn árið 1923, reyndust tveir af 12 sérfræðingum vera háls-, nef- og eyrnalæknar. Það fjölgaði í hópnum sem alla tíð átti með sér óformlegan félagsskap, en ekki var um formlegt félag háls-, nef- og eyrnalækna að ræða fyrr en komið var inn á síðari hluta 20. aldarinnar. Strax þá var fjöldi þeirra á Íslandi orðinn vel rúmur tugurinn. Sá fjöldi hefur tvöfaldast og nú eru á Íslandi starfandi um 20 háls-, nef- og eyrnalæknar. Sérgreininni svipar til sérgreina eins og

húð- og augnlækninga, það er að sinna má sjúklingum ekki síður utan sjúkrahúsa en inni á þeim. Þetta gerir hópinn tvískiptan, en áhugi á velferð sjúklinga með sjúkdóma í hálsi, nefi eða eyrum er sameiginlegur og í fyrirrúmi.

Félagið hefur haldið þrjú norræn þing háls-, nef- og eyrnalækna. Hið fyrsta var haldið í Þjóðleikhúsinu 1970 og var það eitt af fyrstu formlegu verkum félagsins. Næsta þing var haldið 1990 í Háskólabíói og hið þriðja árið 2005 á Hótel Nordica. Öll hafa tekist með miklum ágætum, verið fjölmenn og ánægjuleg í alla staði. Nú er hafin niðurtalning í næsta þing sem verður á Íslandi árið 2020.

Íslenskir háls-, nef- og eyrnalæknar funda formlega tvisvar á ári þar sem annar fundurinn er aðalfundur, en hinn fundurinn venjulega tengdur símenntunarmálum. Hafa þessir fundir verið vel sóttir og góðir. Fræðsla verður áfram áberandi í starfi okkar en einnig eru áform um að kanna á markvissari hátt sögu sérgreinarinnar á Íslandi, hvernig staðið var að greiningu fyrir tíma hátækni og hvernig meðferð var háttað. Sérstakan hug höfum við á því að kanna mixtúru- og

dropalækningar sem mikið til hafa horfið í samevrópskri tilveru. Mikið framboð er á símenntun fyrir lækna innanlands sem utan og nægir þar að nefna Læknadaga en þar hafa háls-, nef- og eyrnalæknar látið til sín taka á liðnum árum. Nýliðun innan sérgreinarinnar er góð og má ætla að annar eins hópur háls-, nef- og eyrnalækna sé í sérnámi eða hafi nýlokið því og búi enn erlendis. Til þess er gott að vita.

Eins og oft er með sérgreinafélög hefur félagsskapur háls-, nef- og eyrnalækna orðið vettvangur hagsmunagæslu launa, ekki síður en vettvangur til viðhalds fagmennsku. Vegna smæðar félagsins, tvískipts starfsvettvangs félagsmanna og að töluverðrar undirsérhæfingar er farið að gæta innan sérgreinarinnar, þá getur verið erfitt að sinna þeim markmiðum sem nefnd voru. Það er því mikilvægt fyrir okkar hóp að tilheyra stærri hópi skurðlækna, en flestir háls-, nef- og eyrnalæknar eru einnig félagar í Skurðlæknafélagi Íslands, og það er ekki síður mikilvægt fyrir lítið félag að vita að við eigum skjól undir stórrí regnhlíf læknasamtakanna.